

Verklagsreglur um framkvæmd útboða og verðkannana vegna kaupa Sparisjóðsins á upplýsingatækniþjónustu

Samþykkt í september 2014/ Ábyrgðaraðili : Öryggisstjóri

Með sátt Reiknistofu bankanna hf. (RB) og hluthafa félagsins við Samkeppniseftirlitið, dags. 11. maí 2012, skuldbatt SÍSP f.h. Sparisjóðanna (hér eftir „SÍSP“), sig til að undirgangast ítarleg skilyrði sem meðal annars er ætlað að vinna gegn því að starfsemi RB og háttsemi hluthafa í henni hamli samkeppni á upplýsingatæknimarkaði.

Sáttin er birt í ákvörðunarorðum ákvörðunar nr. 14/2012, *Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samruni við Teris.*

Með sáttinni hefur SÍSP skuldbundið sig til að setja verklagsreglur um framkvæmd útboða og verðkannana vegna kaupum Sparisjóðanna á upplýsingatækniþjónustu í þeim tilvikum þegar RB er gefinn kostur á þátttöku í verkefnum.

Verklagsreglunni er ætlað að tryggja það að SÍSP leiti ávallt hagkvæmustu kjara í kaupum á upplýsingatækniþjónustu, hvort heldur er nýju einstöku verkefni eða þjónustusamningi, eða endurnýjun fyrri rekstrar- eða þjónustusamninga tengdum upplýsingatækni. Ennfremur að jafnræðissjónarmiða verði gætt við val á þátttakendum í verkefnum hjá SÍSP og að ekki verði gripið til neinna ráðstafana, með beinum eða óbeinum hætti, sem ætlað er á ómálefnalegan hátt að tryggja einum viðsemjanda verk á kostnað annarra.

SÍSP lætur fara fram útboð eða vandaða verðkönnun á kaupum á upplýsingatækniþjónustu sem fellur undir gildissvið þessara reglna. Þar skal leitað að hagkvæmustu lausn fyrir viðkomandi verkefni eða þjónustu. Liggi fyrir að enginn annar en RB geti veitt umbeðna þjónustu er heimilt að falla frá útboði eða verðkönnun. SÍSP skal halda skrá um slík tilvik.

Samningar um kaup á upplýsingatækniþjónustu, sem fellur undir gildissvið þessara reglna eru lengst gerðir til fimm ára í senn. Heimilt er að framlengja samninga um 12 mánuði í senn eftir að gildistíma lýkur, enda séu málefnalegar ástæður fyrir því.

1. Gildissvið

Verklagsreglur þessar gilda um kaup SÍSP hvort heldur um er að ræða einn sjóð eða fleiri, í gegnum Samaband íslenskra sparisjóða (hér eftir „SÍSP“) á upplýsingatækniþjónustu þegar Reiknistofu bankanna (hér eftir „RB“) er gefinn kostur á þátttöku í verkefnum, hvort heldur sem um er að ræða nýtt verkefni, kaup á nýrri þjónustu eða endurnýjun á þjónustu- eða rekstrarsamningi sem tengist upplýsingatækniþjónustu (hér eftir „verkefni“).

Tilgangur og markmið verklagsreglnanna er að tryggja að leitað sé hagkvæmstu kjara í kaupum SÍSP á upplýsingatækniþjónustu sem falla undir gildissvið verklagsreglnanna. Þannig sé jafnræðissjónarmiða gætt við val á þátttakendum, að framkvæmd kaupanna sé á viðskiptalegum forsendum og að verkefni þjóni hagsmunum SÍSP og styðji við stefnu sparisjóðanna í landinu.

2. Framkvæmd

SÍSP mun framkvæma ítarlega og vandaða verðkönnun eða útboð vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu sem fellur undir gildissvið verklagsreglnanna. Ef það liggur fyrir að RB sé eini aðilinn sem getur veitt þá upplýsingatækniþjónustu sem Sparisjóðurinn hyggst kaupa, er SÍSP heimilt að víkja frá verðkönnunum og útboði. SÍSP skal halda skrá um slík tilvik.

Samningstími þeirra samninga um verkefni sem falla undir gildissvið verklagsreglna þessara skal að hámarki vera fimm ár en heimilt er að framlengja slíka samninga um tólf mánuði í senn eftir að samningstíma þeirra lýkur, enda séu málaefnalegar ástæður fyrir slíkum framlengingum.

3. Verðkannanir

SÍSP styðst að meginstefnu til við verðkannanir vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu. Áður en verðkönnun fer fram skulu þarfir Sparisjóðanna metnar með þarfagreiningu vegna tiltekins verkefnis í samræmi við verklag SÍSP þar að lútandi. Með þarfagreiningu eru þeir þættir tilgreindir sem lagðir eru til grundvallar við val á þátttakendum hverju sinni. Þátttakendur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði sem lúta að þeim sjálfum, m.a. hvað varðar fjárhagslega stöðu þeirra, reynslu, menntun, verktryggingar eða annað sem SÍSP telur nauðsynlegt til að tryggja gæði verkefna. Einnig skal skilgreina ákveðin skilyrði sem tengjast hverju verkefni á hverjum tíma. Þetta eru atriði eins og kostnaðarhagkvæmni, verð, tæknileg atriði og tæknileg þjónusta, afhendingardagur og afhendingarími, eftirþjónusta, rekstrarkostnaður og notagildi. Framangreindar upptalningar eru ekki tæmandi og val þátttakenda getur staðið milli tveggja eða fleiri þátta eða annarra þátta sem Sparisjóðurinn metur hverju sinni. Í þarfalýsingu skulu þeir þættir tilgreindir eftir því sem við verður komið sem SÍSP telur sérstaklega mikilvæga vegna viðkomandi verkefnis.

Í tengslum við verðkannanir gerir SÍSP gátlista aðgengilegan fyrir þátttakendur í verkefni þar sem a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Þarfagreining/kröfulýsing – lýsing á verkefni
- Matsviðmið við mat á hagkvæmasta tilboði og hvernig tilboð eru metin
- Upplýsingar um tengilið Sparisjóðsins
- Mat á því hvort þjónusta sé virðisaukaskattskyld og hvort verð skuli vera með eða án virðisaukaskatts
- Samningstími
- Lýsing á gögnum sem skilað skal með tilboði samkvæmt verðkönnun
- Tímastærur um skil á tilboði samkvæmt verðkönnun

4. Útboð

Styðjist SÍSP ekki við verðkönnun vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu er hægt að standa fyrir opnu eða lokuðu útboði. Útboð og skilmálar sem tengjast því skulu vera skýr og málefnaleg og með skilmálunum skal tryggja jafna stöðu bjóðenda. Framkvæmd útboðs skal vera í samræmi við lög nr. 65/1993 um framkvæmd útboða.

Útboð skal auglýsa í blöðum, útvarpi eða með öðrum almennum hætti þar sem fram kemur hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í útboðsgögnum:

- Þarfagreining/kröfulýsing – lýsing á verkefni
- Lágmarksskilyrði sem bjóðendur þurfa að uppfylla
- Matsviðmið við mat á hagkvæmasta tilboði og hvernig tilboð eru metin
- Upplýsingar um tengilið Sparisjóðsins
- Trúnaðaryfirlýsing Sparisjóðsins
- Mat á því hvort þjónusta sé virðisaukaskattskyld og hvort verð skuli vera með eða án virðisaukaskatts
- Samningstími
- Hvort frávikstilboð sé heimilt
- Tímafrestur bjóðenda til að koma með athugasemdir
- Tímafrestur hvar og hvenær tilboðum skal skilað
- Tilboðsblað eða lýsing á hvaða gögnum skal skilað með tilboði
- Hvernig tilboðum skuli skilað
- Hvar og hvenær tilboð eru opnuð

5. Tengiliður

Tengiliður Sparisjóðsins vegna framkvæmd verðkannana eða útboða vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu:

Björg Anna Kristinsdóttir bjorg@sisp.is. Sími : 540-4000

Verklagsregla um framkvæmd verðkannana og útboða vegna kaupa SÍSP f.h. sparisjóðanna á upplýsingatækniþjónustu

